



Samanburður á þjóðhagsspám fyrir tímabilið 2018-2020

Greiningaraðilar eru í meginráttum sammála um að rólegri tímar séu framundan í íslensku efnahagslífi.

Hagfræðideild gaf út þjóðhagsspá þann 31. maí síðastliðinn og gerir hún ráð fyrir að hægja muni á hagvexti á Íslandi. Spár annarra greiningaraðila taka í sama streng og er óvenju mikið samræmi milli þjóðhagsspáa. Það er því útlit fyrir meiri ró í íslensku efnahagslífi á næstu árum en undanfarin ár.

Þjóðhagsspá Hagfræðideildar


Efnahagsástandið hér á landi er á flesta mælikvarða mjög gott. Hagvöxtur hefur verið kröftugur og verðbólga lág síðustu ár. Á næstu árum er útlit fyrir að það hægi allnokkuð á hagvexti samhliða aðlögunartímabili í ferðaþjónustugeiranum sem vaxið hefur á ofurhraða síðustu sjö ár.

Verðbólguhorfur eru almennt góðar, enda líklegt að það dragi verulega úr spennu í ljósi þess að umsvif í hagkerfinu verða meira í samræmi við langtíma hagvaxtargetu þjóðarbúsins en verið hefur síðustu ár. Ekki er þörf fyrir neina sérstaka aðlögun eða lendingu hagkerfisins þar sem ójafnvægi hefur ekki myndast að nokkru ráði eins og oft áður eftir langt þenslutímabil. Þar vegur þyngst að skuldastaða heimila, fyrirtækja, ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild er nú með besta móti þrátt fyrir töluverða þenslu í hagkerfinu síðustu ár.


Samanburður við nóvemberspá Hagfræðideildar

Hagfræðideild gaf síðast út spá í nóvember í fyrra þar sem spáð var 4,5% hagvexti 2018 og 3,6% 2019. Við gerum nú ráð fyrir 4,1% hagvexti í ár og 2,4% á næsta ári. Lækkun spárinnar skýrist að mestu af talsvert minni aukningu í fjárfestingu og útflutningi en gert var ráð fyrir í nóvember. Að öðru leyti er maíspá Hagfræðideildar í meginatriðum sambærileg nóvemberspánni.

Framlag til hagvaxtar - Spá Hagfræðideildar



Hagvaxtarspár





Mikill samhljómur í spám greiningaraðila

Á heildina litið eru greiningaraðilar almennt sammála um efnahagsþróun á Íslandi í spám sínum fyrir tímabilið 2018-2020. Draga mun úr hagvexti m.v. fyrri ár og í lok spátímabilsins er útlit fyrir að hagvöxtur á Íslandi verði nær því sem gengur og gerist í öðrum þróuðum ríkjum.

Tímabil sprengivaxtar í ferðaþjónustu er lokið og greiningaraðilar eru sammála um að samfara hægari efnahagsuppgangi muni hægja á aukningu bæði inn- og útflutnings á spátímabilinu.

Samræmi er milli verðbólguþáa greiningaraðila, að Arion banka undanskildum, sem sker sig úr með hærri spá fyrir 2019 og 2020.

Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af landsframleiðslu verður áfram jákvæður þó hann fari lakkandi. Ef spárnar ganga eftir verður niðurstaðan lengsta samfellda tímabil með jákvæðum viðskiptajöfnuði frá stofnun lýðveldisins.





Greiningaraðilar eru einnig sammála um að ró sé að færast yfir fasteignamarkaðinn á Íslandi eftir mikinn hamagang undanfarin ár og því muni draga úr hækkunum á fasteignaverði.

Helsti munur

Helsti munur á þjóðhagsspánum snýr að vexti og samsetningu fjármunamyndunar næstu ár. Mest ber á milli í spám um atvinnuvegafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera. Hagfræðideild sker sig úr hvað varðar atvinnuvegafjárfestingu 2018 þar sem hún spáir 8,1% aukningu á meðan aðrar spár gera ráð fyrir samdrætti milli -1,9% og -4,9%. Spár um fjárfestingu hins opinbera liggja á bilinu 11,0-27,2% fyrir 2018, 3,6-13,2% fyrir 2019 og 2,1-10,0% fyrir 2020. Þar spáir Hagfræðideild 19,0% aukningu 2018 en 10,0% aukningu 2019 og 2020.

Samantekt

Greiningaraðilar eru sammála um að á næstu árum muni ró færast yfir íslenskt efnahagslíf m.v. fyrri ár. Hagvöxtur mun dragast saman yfir spátímabilið, verðbólga mun hækka og vera á bilinu 2,4-2,9% og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af landsframleiðslu lækkar en helst jákvæður. Einnig er útlit fyrir meiri ró á fasteignamarkaði með hóflegri hækkunum á fasteignaverði milli ára.





Skýringar á skammstöfunum á myndum má sjá hér að neðan.

Skammstöfun	Greiningaraðili	Dagsetning
Landsbankinn	Hagfræðideild Landsbankans	Maí 2018
ÍSB	Íslandsbanki	Maí 2018
Arion	Arion banki	Apríl 2018
Hagstofa	Hagstofa Íslands	Júní 2018
SÍ	Seðlabanki Íslands	Maí 2018
AGS	Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	Apríl 2018

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.